



Höfundur: Konráð Rúnar Friðfinnsson 15 nóvember 2015

Von í aðstæðum

(frið-finnur yrkir 26/12/2014)

Dagarnir allir eru sín jól
engin er þar í skugga
Sumir þó draga dökkt yfir ból.
Í dreggjum sínum þar rugga.

Velja að dvelja eymdinni í.
Allskonar hugsun á kreiki.
Skilja á eftir ekkert í því
að allt hjá þeim sé á reiki.

Allt svona angur dregur úr kjark
Öll líka farin er snerpa.
Eftir þá stendur stormur og þjark
Á stríðinu vildu þeir skerpa.

Dagur er napur, en nú eru jól
að nostra við hjarta tetur.
Minningin kemur, það magnaða hjól.
Minningin segir: " Þú getur. "

Dimmu úr dregur, upp kemur ljós.
Drengur að hressast allur.
Aftur hann brosir, í birtu kom hrós,
sá bara góði dallur.

Mæða er horfin mögnuð er stund.
Margt enda sem vill gleðja.
Allt saman hjálpleg og hefur upp lund.
Í harmi er eintóm eðja.

Gleðin fékk völdin gleymum ei því
Guð minn er þar að verki.

Gerir hann lífið allt upp á ný
Enda er Jesú sá sterki.

Jólahátíðin.

(frið-finnur yrkir 25/12/2014)

Jólin maður! Eru komin aftur?
Allur þessi vindur kom með þeim?
Í honum alltént ógurlegur er kraftur.
Einhver fékk vart staðið á fótum tveim.

Jólin maður! Mergsugu buddu sumra
að meira vart er eftir henni í.
Ó hve margir yfir henni stumra.
Angistarsvipur býr á fési því.

Jólin eru bara enn einn dagur.
Allir ráða daginn góða við.
Það er, maður, okkar allra hagur
að eignast þennan merkilega frið.

Jólin maður. Þau eru engin vella
en eitthvað sem að minna Jesú á.
Rangt væri að jörðu þeim í skella.
Þekja jól með grjóti er af og frá.

Jólin komu til að kalla á okkur.
Kristur er jú kominn heiminn í.
Frelsarinn er fagur ennis lokkur.
Förum til hans, burt úr vorum gný.

Gerum rétt og göngum veginn fagra
glaðbeittir í hjarta okkar spor.
Daganna sem áttum eitt sinn magra
auka manni í dag bara þor.

Vakandi er betra

(frið-finnur yrkir)

Svefninn er góður en samt einnig lamandi.
Svefninn hann færir mann frá.
Að áður var sjálfsagt en er núna framandi
Allt bara titrar sem strá.

Svefninn er vonalaus og vakan ögn skárri.
Verkin þau fylgja henni smá
Hún gerir oss árvakra liðuga og frárrí
Árangrinum munum ná.

Valið er alltaf já vinur hið sama.
Verðu það áfram mér hjá.
Noti ég mitt rétt er ekkert til ama
og aldan mín er fagur blá.

Hvað vil ég gera og hvernig að akta?
Hvort eru verkin mín góð?
Hvernig sér fólkíð mitt fána minn blakta?
Fagran eða rauðan sem blóð?

Allir sér ráða en reynslan er þessi.
Rétt er að vita um það
að Guð okkur gerði með vilja í huga.
Að ganga með sér það um það.

Svona er sagan. Hún dæmist af verkum.
Sagan er öll til í bók.
Aumlega og smá máski en merkt Drottni sterkum.
er Meistarinn kom til og skók.

Vonleysi? Nei von.

(frið-finnur yrkir)

Áttu pening engan góða í dag?
Allt vill á þig falla beina leið?
Finnst þér að þér þrengi og ekkert lag?
Þú hefur áður drukkið beiskan seið.

Áður hefur ástand verið dökkt
og áður var í gangi líka stand.
Alltaf þegar illsku af varð krökkt
eignaðist þú nýtt og fegra land.

Vildi frú mín væna minna á
að verkið þitt er ennþá gangi í.
Alltaf þegar draumur fór í dá
dansinn kom og lyfti öllu á ný.

Já kæra frú þín endir ekki er.
Alltaf koma nýjar dyr í ljós.
Guð á himnu hjarta þitt og ber
og hefur áður lyft upp þinni rós.

Sjáðu nú að allt er orðið gott
Að allur gangur styrkir þína trú.
Þú munt ekki þola meira spott.
Þjóta um. Er enda kominn brú.

Soldið sorfinn.
(frið-finnur yrkir)

Sokkinn í svartnætti maður.
Syndandi um oní því.
Máttleysi er nú minn staður
Mér sem í hendingu kom í.

Hvers vegna er þetta þarna?
þokan sem kemur svo snögg?
Hvað get ég gert til við hjarna?
Gott væri að fá svarið glögg.

Sokkinn en samt ekki horfinn
Sýnist mér glitta í já.
Þó nú ég sé döldið sorfinn.
Syni Guðs vil dvelja hjá.

Kvæðið.

(frið-finnur yrkir)

Kvæðið er komið á fætur
að kveða og fylla upp bil.
Engan það frið eftir lætur
kvæðið uns verður það til.

Höfðuð fer strax þá að starfa
og stara bókstafi á,
og helling að rífa upp arfa,
og eiga við ræturnar smá.

Og viti menn vitið kemur.
Versin þau birtast öll senn.
Ei sköpunarkraft Herra hemur
Hann er fyrir þig kæri ven.

Jesú lifir.
(frið-finnur yrkir)

Voða gaman að vera til
og veislu Drottins heyra
og ekki láta lélegt þil
liggja við manns eyra.

Huggulegra að hlusta vel
og heyra orðin góðu
Þetta lipra leið ég tel
og laus við alla móðu.

Hvernig sem að horft er á
þá Herrann gnæfir yfir.
Mína hylli hann skal fá
Hnignun? Nei Jesú lifir.

Dögginn vökvar.

(frið-finnur yrkir)

Góður er dagur í dag.
Dögginn á jörðinni vökvar.
Allt gefur svona sinn hag
sem nokkur maður ei skrökvar.
Og lífið blómstrar og ber
breiðurnar af fegurð hreinni.
Þetta er þar og ekkert fer.

Þú sérð þetta vinur í beinni.
Vaknaðu! Blómið er blítt.
Berðu þig eftir því góða.
Láttu það vera vel hnýtt.
Vera þinn framvegis gróða.

Aðstæður

(Frið-finnur yrkir)

Nú er frekar fátt um svör
en ferski vindar blása
Allt í kring er feikna fjör
sem flesta gerir hása.

Rættist úr.

(Frið-finnur yrkir)

Blóðið fraus en bara í gær.
Bættist allur hagur
Á þessum annar er nú blær.
Allur hreinn og fagur.

Vakan mín.

(Frið-finnur yrkir)

Sofðu ekki og svefninn deyfir.
Syngdu lofsöng góðan.
Söngur þinn við hjarta hreyfir.
Þig Herrann gerir fróðan.

Gagnlegt kvæðið.

(Frið-finnur yrkir)

Hafnfirðingur veifið annað yrkir
og eigrar um með blað og pennann sinn.
Suma líka kvæðið sumpart styrkir
er söknuður og spenna grípa þig og hinn.

Lausnin þín

(Frið-finnur yrkir)

Að baki er brátt harmur þinn
og blíða í garð þinn kemur
Þú skalt hleypta henni inn
og Herrann veldu fremur.

Lífið sjálft.

(Frið-finnur yrkir)

Sjór og sókn í afla og fisk.
Svleiðis var þetta.
Fór ei annað á vorrann disk
þó einstaka grautar sletta.

Allt á tjá og tundri var
og taugar allar þandar.
Samt var alloft ágætt þar
á meðan ekki strandar.

Þorskur ýsa og allt hitt
sem ekki kann að nefna.
Gekk allt með og gerði sitt
Góð var þessi stefna.

Svo kom að að söngur nýr
söngst í voru hjarta.
Stefnan nýja er nokkuð skír
og nýtir Orðið bjarta.

Íslenskar fjárréttir.

(frið-finnur yrkir)

Réttirnar fylla allt af lömbum
og eigendum með hunda sína og fólki.
Þangað stundum ráðvillt öll við römbum
með rauðan vökva í þar til gerðum hólki.

Í réttum íslenskum þar ægir saman
allskonar menn með hest í taumi.
Þegnarnir með svipinn fagra í framan
ferðast allir um í sínum draumi.

Hrópið inn á milli heyrast þarna.
Hópur kinda hleypur þegar sprettinn.
Hóið fínt berst frá honum Bjarna,
sem bara lá í skjólinu við klettinn.

Svona eru réttir okkar allar
allir lifa þær með mörgum hætti.
Í þeim hittast menn og maður spjallar
við mannskapinn og eins og fé þar ætti.

Misjafnt ásigkomulag.

(frið-finnur yrkir)

Gaman- syngur maðurinn og meinar.
Magnast reiðin upp þá öðrum hjá.
Varir mannsins allar eru hreinar.
Annar segir "þetta er af og frá"

Skemmtilegt að skoða flóru dagsins
og skilja hvernig fólkið misjafnt sér.
Sumir velja að teygja sig til lagsins.
Treysta því að lyfti upp jafnvel mér.

Stundum þó er ástand öllu verra
og engin leið að flikka upp á neitt.
Gerist þegar reiðin reynist herra
og ráðin okkar geta engu breytt.

Ekki má samt svona ráða mínu.
Söngur hjartans þagnar ekki hér.
Ég skal halda mér á minni línu.
Miskunn Drottins allan þanka sér.

Ástæðan er engin til að kvarta.
Ekki heldur brasið mitt í dag.
Daga marga á maður nú bjarta.
Með Jesú líka bý til fagran brag.